

Námsvísir

7. bekkur

2024 – 2025



**MEÐ OPNUM HUG
OG GLEÐI Í HJARTA**

Menntastefna Reykjanesbæjar, Með opnum hug og gleði í hjarta, var höfð til hliðsjónar við gerð námsvísa skólans. Í henni eru þrjú leiðarljós sem eiga að einkenna allt starf með börnum í Reykjanesbæ, þau eru:



Einnig eru fimm stefnuáherslur sem eru:



Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónakennarar árgangsins eru Ingunn Anna Ragnarsdóttir og Steinunn Ýr Jónsdóttir. Nemendur eru 49 talsins. Nemendur eru 35 kennslustundir á viku í skólanum.

Námsmat

Námsmat fer fram yfir allt skólaárið og tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í öllum námsgreinum. Til að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

★	Framúrskarandi
✓	Hæfni náð
◇	Á góðri leið
○	Þarfnast þjálfunar
✗	Hæfni ekki náð

Hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið er eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið.

Komið er til móts við þarfir nemenda með ýmsum hættir. Þeir nemendur sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem kennarar hafa sett í samráði við foreldra.

Menntagildi og meginmarkmið íslensku

Góð kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Íslenskukennslu er í meginatriðum skipt upp í fjóra flokka: talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og loks málfræði. Lestur er öflugt tæki nemenda til þess að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Í lýðræðisþjóðfélagi er mikilvægt að geta tekið virkan þátt í ýmis konar umræðum, hlustað af athygli og skilið og greint þær upplýsingar sem fyrir augum og eyrum ber.

Kröfur samfélagsins til lestrarfærni hafa breyst mikið á undanförunum árum. Mikilvægt er að nemendur nái góðum lestrarhraða en ekki síður að þeir öðlist góðan lesskilning og séu gagnrýnir á þann texta sem lesinn er. Leitast er við að auka leshraða, lesskilning, almennan lestraráhuga og þekkingu á íslenskum bókmenntaarfi með lestri margs konar bókmenntaverka og ritaðra texta. Lestur og ritun tengjast óhákvæmilega. Til þess að nemendur geti mætt kröfum samfélagsins um að geta tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi þurfa þeir bæði að beina sjónum sínum að sjálfum textanum, efni hans, skipulagi, málsniði og stíl og tæknilegum atriðum eins og skrift, stafsetningu, uppsetningu og frágangi. Í ritunarverkefnum er lögð áhersla á að nemendur setji efni sitt skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, allt frá frjálsri ritun í skipulagðar ritgerðir. Markmið málfræðikennslunnar er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmáli sínu.

Hæfniviðmið

Ritun	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun,• Beitt helstu reglum um réttiritun og hefur náð góðu valdi á stafsetningu,• Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu,• Vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur,• Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt,• Tjáð hugsanir sínar í rituðu máli.
Talað mál, hlustun og áhorf	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Tjáð sig skirt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðar framsagnar,• Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum,• Hlustað af athygli, beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum,

	<ul style="list-style-type: none"> • Átt góð samskipti, hlustað og gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi, • Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar á viðeigandi hátt, • Tekið tillit til ólíkra sjónarmiða,
Lestur og bókmenntir	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað, • Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta, • Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð, • Lesið sér til ánægju og fróðleiks, • Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar unglíngum, • Beitt bókmenntafræðilegum hugtökum svo sem tíma, sjónarhorni, sögusvið, og boðskap, • Beitt hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða svo sem rím, ljóðstafi og líkingar, • Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju, • Lagt fram rökstutt mat á bókmenntatexta.
Málfræði	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Áttað sig á hlutverki og einkennum nafnorða, lýsingarorða, sagnorða, fornafna og töluorða. • Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra

Kennsluhættir

Nemendur æfa sig í að lesa texta svo sem sögur og ljóð og fá leiðbeiningar um hvernig best er að haga lestrinum svo hann komist sem best til skila. Nemendur æfa sig í að koma fram einir og í hóp og kynna verkefni eða lesa valin texta. Allir nemendur fara í lesfímipróf þrisvar sinnum yfir skólaárið og þess á milli lesa nemendur í skólanum og heima. Nemendur lesa fjölbreyttan bókmennta texta og vinna verkefni í tengslum við þá. Lögð verða fyrir fjölbreytt verkefni í tengslum við alla hæfnipætti.

Námsgögn

Málrækt 3, Málið í mark – fallorð, Draugaslóð, Kjalnesinga saga, Orðspor 3: lesbók og vinnubók, Annar smellur og önnur verkefni frá kennara

Námsmat

Miðstöð menntunar og skólaþróunar gefur út viðmið í lesferli og hér má sjá viðmið sem sett eru fyrir lok 7. bekkjar:

- 100 orð eða meira á mín.- mjög góður árangur.
- 85 – 100 orð á mín. - góður árangur.

- 40 – 84 orð á mín. - nokkuð góður árangur
- 0 – 39 orð á mín. - nemandi þarfnast aðstoðar

Einnig verða lögð fyrir próf og nemendur vinna ýmis verkefni sem metin verða til námsmats.

Kennarar

Steinunn Ýr Jónsdóttir, Ingunn Anna Ragnarsdóttir og Andri Már Þorsteinsson.

Menntagildi og meginmarkmið stærðfræði

Hæfni í stærðfræði er forsenda læsis og sköpunar á flestum sviðum tækni, fræða og verkmenningar. Hún styður fólk til að taka ígrundaðar ákvarðanir í daglegu lífi, sem hafa áhrif á heilbrigði og velferð og að taka virkan þátt í lýðræðissamfélagi sem er í stöðugri þróun. Við notum til dæmis tölur og reikniaðgerðir til að eiga í samskiptum, skipuleggja, draga ályktanir og taka skynsamlegar ákvarðanir um framleiðslu og neyslu og stuðlum þannig að sjálfbærni. Verkefni stærðfræðinnar eru að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Samfélag okkar og nýsköpun innan þess einkennist af kerfum sem byggjast á nýtingu stærðfræðinnar, t.d. kosningakerfi, upplýsingar á netinu, staðsetningarkerfi, farsímar, veðurspár, tölvuleikir, teiknimyndir og fleira. Stærðfræði er alþjóðlegt tungumál og verkfæri til að miðla upplýsingum og hugmyndum og vinna úr þeim. Með þrautalausnum þróa nemendur með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir sem nýtast við lausnir þeirra og mat á niðurstöðum. Mikilvægt er að nemendur geti talað saman um stærðfræði, notað tungumál og hugtök hennar og fært rök fyrir máli sínu. Góð kunnátta í stærðfræði getur stuðlað að gagnrýnni hugsun og aukinni ábyrgð nemenda í daglegu lífi, m.a. hvað varðar ákvarðanir um eigin fjármál og neyslu.

Hæfniviðmið

Að geta spurt og svarað með stærðfræði	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> • nýtt sér tungumál stærðfræðinnar til að ræða og beita þekkingu sinni á hugtökum hennar.
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> • túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli tákn máls og daglegs máls.
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> • undirbúið og flutt kynningar • unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna,

	<ul style="list-style-type: none"> • tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því að nota skráningu með tölum, texta og teikningum, • beitt rökhugsun og sköpun við skipulagningu verkefnis. Útbúið töflur og nýtt sér þær við útreikninga. Teiknað líkan í gefnum hlutföllum.
Tölur og reikningur	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skráð almenn brot og raðað þeim eftir stærð • notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi, • skráð brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu, • reiknað með almennum brotum, • notað hlutföll við útreikninga á daglegum viðfangsefnum, • reiknað með prósentum, • notað almenn brot, tugabrot og prósentur á daglegum viðfangsefnum • þekkir röð reikniaðgera og getur nýtt sér hana við útreikninga • reiknað með neikvæðum tölum • geta námunnað að hundruði, heilli tölu og tíunda hluta
Algebra	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum, • fundið lausnir á einföldum jöfnum, • rannsakað og sett fram talnamynstur. Lýst þeim með tölum, myndum og táknmáli algebrunnar.
Rúmfræði og mælingar	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýringar, • geta speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum, • þekkir tvívíð form og getur reiknað ummál og flatarmál þeirra, • reiknað rúmmál þrívíðra hluta, • reiknað yfirborðsflatarmál þrívíðra hluta, • geta breytt á milli mælieininga, • þekkir horn og hornareglur og getur nýtt sér þær við teikningar og útreikninga, • notað þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða,

	<ul style="list-style-type: none"> • notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni, • notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar.
Tölfræði og líkindi	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • reiknað út líkur í einföldum tilvikum, • þekkja og geta útskýrt tölfræðihugtök, • notað tölfræðihugtök til að seta fram, lýsa, skýra og túlka gögn.

Kennsluhættir

Í stærðfræðinámi er lögð mikil áhersla á að nemendur sýni sjálfstæði og beri ábyrgð á eigin námi. Í því felst m.a. að skrifa glósur í leiðarabók sem eiga að efla nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum. Í kennslustundum er lögð áhersla á samvinnu nemenda við að leysa þrautir og verkefni ásamt því eru þeir þjálfaðir í að ígrunda og rökræða þar sem hugtök stærðfræðinnar eru höfð að leiðarljósi. Kennnt verður í lotum þar sem fengist er við ákveðna námsþætti í afmarkaðan tíma. Í upphafi lotu fá nemendur yfirlit yfir markmið hennar, skipulag og hvernig námsmatinu verður háttað.

Námsgögn

Stíka 3a og 3B, Geisli 3A og 3B, ýmis gögn, vefmiðlar, forrit og fl.

Námsmat

Eftir hverja lotu fer fram námsmat og leitast er eftir því að hafa það fjölbreytt má þar nefna para/hópverkefni, skrifleg próf, heimapróf og próf með gögnum.

Kennarar

Íris Ástþórsdóttir og Sigurborg Magnúsdóttir.

Menntagildi og meginmarkmið náttúrufræði

Íslendingar þurfa að vera meðvitaðir um að mannlegar ákvarðanir hafa áhrif á jörðina, nú og til framtíðar. Allir þurfa að taka virkan þátt í samfélagi með upplýstum og gagnrýnum viðhorfum.

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. *náttúrufræði*, *eðlisvísindi*, *jarðvísindi*, *lífvísindi* og *umhverfismennt*. Þessir þættir, ásamt viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu eru grunnurinn að náttúrufræðinámi nemenda.

Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni en ekki síst viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og ábyrgðar. Með virkri þátttöku nemenda styrkist verkleg færni, félagsleg færni, frumkvæði og ábyrgð. Það er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að upplifa og skoða náttúruna og umhverfið.

Áhersla er lögð á að nemendur verði vísindalæsir. Í því felst að geta lesið texta um náttúruvísindi sér til gangs og gleði, nýtt hugtök náttúrufræðinnar og skilið ýmist náttúruleg eða manngerð fyrirbæri. Nám í náttúrugreinum á að einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum t.d. að nemendur fái í einhverjum tilfellum val um viðfangsefni. Einnig er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að móta umhverfi sitt með einhverjum hætti.

Hæfniviðmið

Geta til aðgerða	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra,
Nýsköpun og hagnýting þekkingar	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum,
Gildi og hlutverk vísinda og tækni	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.
Vinnubrögð og færni	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> Framkvæmt einfaldar athuganir úti og inni, Sett fram niðurstöður athuganna og útskýrt fyrir öðrum. sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt, hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.
Ábyrgð á umhverfinu	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni, gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama,
Að búa á jörðinni	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, veðrun, rofi og himin- geimnum, útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægraskiptum og því að tíminn líður, notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar, til að lýsa heimabyggð, landinu í heild og völdum svæðum heimsins.
Lífsskilyrði manna	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum,

	<ul style="list-style-type: none"> • útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er, • gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun, • lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu.
Náttúra Íslands	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi, • lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt, • útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér,
Heilbrigði umhverfisins	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum, • Nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti og þekkt einkenni þeirra. • Þekki varma og flutning hans.
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, þekkir til notkunar þeirra og áhrif þeirra á heilsu manna og umhverfis. • lýst bylgjuhreyfingum og rætt nýtingu hljóðs og ljóss í tækni og atvinnulífi, • gert grein fyrir næringargildi ólíkrar fæðu og hverskonar fæða er framleidd á Íslandi.

Kennsluhættir

Umræður, hópverkefni og tilraunir

Námsgögn

Náttúrulega 1, Valdir kaflar úr Auðvitað bókum og ýmis verkefni frá kennara.

Námsmat

Verkefnavinna, próf og sjálfsmat.

Kennarar

Steinunn Ýr Jónsdóttir, Ingunn Anna Ragnarsdóttir og Andri Már Þorsteinsson

Menntagildi og meginmarkmið samfélagsfræði

Menntagildi samfélagsgreina felst í því að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra. Þessi hæfni á sér þrjár rætur.

- 1) Í tengslum við aðra sem þegar eru mótuð, svo sem innan fjölskyldunnar,
- 2) Í tengslum við sjálfan sig
- 3) Í myndun nýrra tengsla við aðra við breytilegar aðstæður.

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum.

Hæfniviðmið

<p>Reynsluheimur</p>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum, • Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs, • Lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi , • Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar, t.d. flokkun, • Lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmum mikilvæga áhrifaþætti, • Greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum, • Séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni, • Sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs í þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið, • Sett sér markmið og unnið að þeim.
<p>Hugarheimur</p>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum, • Vegið og metið áhrif fyrirmynnda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt, • Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.
<p>Félagsheimur</p>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu • Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra

	<ul style="list-style-type: none"> • Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt • Rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga • Nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda • Tekið þátt í samræðu og verkefnum um stöðu sína í samfélaginu, réttindi og skyldur samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna • Lýst birtingarmyndum kynferðislegs ofbeldis, kynferðislegs áreitnis og eineltis. • Greint frá því að kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum er aldrei réttlætanlegt og það eru til félög og yfirvöld (t.d. 112, eða lögreglan) sem geta stutt við þá sem verða fyrir slíku. • Sagt frá mikilvægi þess að leita aðstoðar ef hann sjálfur verður fyrir slíku kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri áreitni eða einelti. • Lýst leiðum til að bregðast við því þegar einhver sem hann þekkir verður fyrir einelti, kynferðislegu ofbeldi eða áreitni. • Lýst þeim leiðum sem hann sjálfur getur farið til að leita aðstoðar fyrir sjálfan sig eða aðra sem hann þekkir og eru að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi, áreitni eða ofbeldi.
--	---

Kennsluhættir

Lesum saman námsefni, vinnum verkefni ýmist einstaklings eða hópa. Bekkjarfundur, vettvangsferðir, umsjónartímar nýttir í vinnu í tengslum við uppbyggingastefnuna.

Námsgögn

Evrópa, Ég og sjálfsmýndin, Mei mí beibísitt, Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna þættir á Rúv, stop ofbeldi.is, ýmis verkefni frá kennara.

Námsmat

Verkefni, próf og leiðsagnarmat á vinnu nemenda.

Kennarar

Steinunn Ýr Jónsdóttir, Ingunn Anna Ragnarsdóttir og Andri Már Þorsteinsson

Menntagildi og meginmarkmið ensku

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaproska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna gáttir að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum og ólíkum lífnaðarháttum og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu.

Enska gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum og viðskiptum. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu. Ör þróun á sviði stafrænnar fjölmiðlunar og upplýsingatækni hefur í för með sér að Íslendingar hafa aðgang að alls kyns efni sem krefst skilnings á ýmsum afbrigðum enskrar tungu.

Enska er lykiltunga á sviði æðri menntunar og vísinda og mikilvægt að hafa gott vald á henni þegar í háskólanám er komið þar sem lesefni í íslenskum háskólum er að stærstum hluta á ensku. Námið á að stuðla að því að nemendur sjái sig sem hluta af og jafnoka í alþjóðasamfélagi og auka vitund þeirra um þau tækifæri sem felast í því að hafa vald á erlendum tungumálum.

Í tungumálanáminu eiga nemendur að tileinka sér vinnubrögð og aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum og verða þeim veganesti út í lífið.

Hæfniviðmið

Hlustun	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">Fylgst með einföldu efni í myndmiðlumFylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnulegt efni með stuðningi,
Lesskilningur	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum,Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu,Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn.
Samskipti	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst,Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini,Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.
Frásögn	Nemandi getur:

	<ul style="list-style-type: none"> • Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv. • Flutt atriði, sagt stuttasögu eða lesið upp texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.
Ritun	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista, • Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.
Námshæfni	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, • Beitt sjálfsmati, • Tekið þátt í hóp- tvenndarvinnu • Nýtt sér hjálpartæki s.s. orðabækur.
Málfræði og orðaforði:	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tileinkað sér góðan orðaforða • Beitt þekkingu sinni í málfræði

Kennsluhættir

Unnið með lestrarbók og vinnubók, lesa texta, vinna verkefni tengd hlustun, tali og lesskilningi. Unnið í pörum og sem einstaklingar.

Námsgögn

Yes we can, Enskar málfræðiæfingar C, ýmis rafræn verkefni og efni, efni af skólavefnum og þættir af netinu.

Námsmat

Ritunarverkefni, hlustanarpróf, málfræðiþróf, endurgjöf á vinnu og framsögn nemenda.

Kennarar

Andri Már Þorsteinsson, Ingunn Anna Ragnarsdóttir og Steinunn Ýr Jónsdóttir

Menntagildi og meginmarkmið dönsku

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna dyr að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum og ólíkum lífnaðarháttum og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu.

Tilgangurinn með kennslu í norrænum tungumálum á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandþjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum. Góð

kunnátta í einu norrænu tungumáli er lykill að hvaða svæði sem er á Norðurlöndunum og greiðir fyrir öllum samskiptum.

Með tungumálanámi er stefnt að því að nemendur öðlist hæfni til að nota tungumálið sem verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Stefnt er að því að nemendur nái að tileinka sér vinnubrögð og aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum. Mikilvægt er að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi, setji sér markmið og meti eigin námsframvindu.

Dönskukennslu er skipt í 7 flokka: hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarlæsi og námshæfni. Til þess að tungumál nýtist sem best er mikilvægt að skilja talað mál og geta fylgt meginþræði í einföldum frásögnum. Nemendur verða einnig að geta lesið sér til gagns og ánægju einfalda texta af ýmsum gerðum og beitt til þess margvíslegum lestraraðferðum allt eftir eðli og tilgangi textans. Stefnt er að því að nemendur öðlist færni í að nota málið vandræðalaust í frásögnum og samskiptum þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota tungumálið á skapandi hátt í bæði töluðu og skrifuðu máli. Ætlast er til að nemendur sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og séu duglegir að nýta sér hjálpargögn þegar það á við.

Hæfniviðmið

Hlustun	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Skilið það mál sem er notað í kennslustofunni og brugðist við með orðum,• Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um námsefnið,• Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum.
Lesskilningur	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Skilið megininntak í stuttum einföldum texta,• Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu,• Lesið sér til gagns og gamans stuttan og einfaldan texta,• Nýtt sér netorðabækur
Samskipti	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum nærri,• Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini sín og kennara um efni tengt náminu,• Tekið þátt í samskiptaleikjum og samtalsæfingum.
Frásögn	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Sagt frá eða lýst sjálfum sér og sýnu nærumhverfi á einfaldan hátt,

	<ul style="list-style-type: none"> • Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt, • Lesið upp sögu eða texta sem hann hefur haft tækifæri á að æfa sig.
Ritun	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skrifað stuttan texta með orðaforða úr gátlista, • Lýst í einföldu máli því sem er honum næst, • Skrifa einföld skilaboð, • Samið stuttan texta með stuðningi mynda, hluta, tónlistar.
Námshæfni	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið t.d. geti nýtt sér titil texta til að auðvelda skilning á inntaki, • Beitt sjálfsmati með stuðningi frá kennara, • Tekið þátt í hópverkefnum, •
Menningarläsi	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sýnt fram á að hann þekki til menningarsvæði Danmerkur, landfræðilegarar legu, staðháttu og þekktra staða, • Sýnt fram á að hann átti sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

Kennsluhættir

Unnið með lestrarbók og vinnubók, lesa texta , vinna verkefni tengd hlustun, tali og lesskilningi. Unnið í pörum og einslega.

Námsgögn

Start lesbók og vinnubók, Smart lesbók og vinnubók, orðabók, verkefni af vefnum og ítarefni frá kennara.

Námsmat

Leiðsagnarmat, kaflaprófum, ritunarverkefni og endurgjöf á vinnu nemenda.

Kennarar

Andri Már Þorsteinsson, Ingunn Anna Ragnarsdóttir og Steinunn Ýr Jónsdóttir.

Menntagildi og meginmarkmið skólaíþrótta

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan sem ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja skal

áherslu á eru: hreyfing, jákvæð sjálfsmýnd, næring, hvíld, andleg vellíðan, skapandi hugsun, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra. Því skal skólastarf skipulagt til að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan nemenda. Með samtengingu námsþátta í skólaíþróttum við aðrar námsgreinar og í skólastarfinu öllu skapast möguleikar til að fá fram jákvæðan skólabrag og það heilsueflandi umhverfi sem til þarf. Til þess að efla jákvæðan skólabrag í Heiðarskóla þá erum við með útivistarviku, íþróttaviku og Heiðarleika.

Skólaíþróttir eru mikilvæg námsgrein til að skapa börnum og ungmönnum aðstæður til heilbrigðra lífshátta, efla færni þeirra í samskiptum, auka þrek, styrkja ákvarðanatöku, kenna markmiðasetningu og streitustjórnun. Íþróttir eru vel til þess fallnar að efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda. Aukin sundfærni styrkir sjálfsmýnd og eykur sjálföryggi einstaklingsins. Það mikilvægasta er þó gleðin og löngunin til að taka þátt og hreyfa sig meira. Með því að glíma við ögrandi verkefni lærist að þjálfun og ástundun gefur árangur jafnt í íþróttum sem öðru námi.

Í skólaíþróttum eru lykilþættirnir sjálfstæði, samvinna og ábyrgð og mat á eigin námi þjálfaðir.

Hæfniviðmið

Nemandi getur:

- Synt 300m án þess að stoppa, frjáls sundaðferð
 - Synt 50m á tíma, velja sundaðferð
 - Synt skólabaksund 25m
 - Synt baksund 25m
 - Synt bringusund 25m
 - Synt skriðsund 25m
 - Synt kafsund 8m eftir hlut á dýpsta enda laugar. Synda tilbaka, hvíla 10 sek og endurtaka.
 - Farið eftir leikreglum í hóp og einstaklingsíþrótt
 - Gert æfingar sem reyna á þol
 - Gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols
 - Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast
 - Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum
 - Tekið þátt í stöðluðum prófum
 - Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum
- Viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda

Kennsluhættir

Reynt er að nálgast námsmarkmiðin og örva þroskafættina gegnum fjölbreytta leiki, frjálsan leik og leikæfingar.

Námsgögn

Áhöld og tæki sem eru til í íþróttahúsi sem og útisvæði á skólalóð Heiðarskóla og nærumhverfið.

Námsmat

Hæfniviðmið eru metin jafnt og þétt yfir skólaárið í íþrótt- og sundtímum.

Kennari

Skúli Sigurðsson

Menntagildi og meginmarkmið list- og verkgreina

Listir og handverk eru samtvinnuð daglegu lífi þó við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því. Kennsla í list- og verkgreinum geta auðveldað nemendum að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og átta sig á náms- og atvinnutækifærum innan starfs- og listnáms.

Í skapandi starfi og lausnaleiti getur nemandinn haft áhrif á umhverfi sitt og tekið þátt í að móta menninguna. Allir hafa hæfileika til að skapa og með kennslu list- og verkgreina fá nemendur tækifæri til að þroska þann hæfileika.

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum er að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar, ólíkar tjáningaleiðir.

List- og verkgreinar eru margar ólíkar greinar sem tengjast að einhverju leyti en þó ekki öllu.

Leik- og tónlist

Hæfniviðmið

Leiklist	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Tekið virkan þátt í leikrænu ferli með bekknum.• Sýnt tillitssemi• Sett saman einfalda leikþætti með hópnum. Spunaverkefni.• Notað leikmuni og búninga til þess að styðja við sköpun sína.• Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi• Farið að fyrimælum kennara.
-----------------	---

Tónlist	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tekið virkan þátt í tímum. • Sýnt viðeigandi hegðun og farið að fyrirætlum kennara. • Kynnt listamann/hljómsveit úr heimabyggð.
----------------	---

Kennsluhættir

Leiklist: Kennslan er byggð á léttum leiklistaræfingum, hópefli og spunaæfingum. Áhersla er lögð á raddbeitingu, framkomu á sviði og notkun hljóðnema. Nemendur eru þjálfaðir í að geta tjáð sig fyrir framan hóp, að taka þátt í stuttum leikverkum og spuna og að kunna að vera áhorfendur. Nemendur eru hálfan veturinn í 2 kennslustundir á viku, hálfur bekkur í senn.

Tónlist: Kennslan er fjölbreytt þar sem við kynnumst m.a. tónlist frá ýmsum löndum, vinnum með hljóðfæri og syngjum saman. Nemendur eru hálfan veturinn, 1 kennslustund í viku, hálfur bekkur í senn, kynjaskipt.

Námsmat:

Tekið er mið af hæfniviðmiðum.

Kennari:

Guðný Kristjánsdóttir

Textílmennt

Hæfniviðmið

Handverk, aðferðir og tækni	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar • Fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum • unnið með einföld snið og uppskriftir
Sköpun, hönnun og útfærsla	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli • notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla • gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greinni
Menning og umhverfi	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni • gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruafna og gerviefna

	<ul style="list-style-type: none"> • fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna • notað ný og endurunnin efni í textílvinnu
--	--

Kennsluhættir

Nemendur kynnast og þjálfast í að nota efni og áhöld sem tilheyra námsgreininni. Nemendur hanna eigið munstur og sauma út krosssaum eftir mynd úr grófu efni á skemil sem gerður er í smíði. Nemendur vinna með snið og sauma pennaveski í saumavél. Pennaveskið er unnið úr endurnýttu efni, t.d. gallabuxum. Áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð og góða umgengni.

Námsgögn

Kennsluefni frá kennara

Námsmat

Nemendur fá leiðsögn, endurgjöf og hvatningu á vinnu sinni meðan á henni stendur. Lokamat fyrir þau hæfniviðmið sem metin eru birtist á mentor.

Kennari

Sara Birgitta Magnúsdóttir

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

Handverk	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Valið verkfæri og notað á réttan hátt við vinnu. • Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.
Hönnun og tækni	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Rissað upp og útskýrt hugmyndir sínar á blað ásamt því að málsetja teikninguna. • Lesið einfalda teikningu, smíða eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð. • Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefninu.
Umhverfi	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Gert grein fyrir því hvort efni séu hættuleg eða ekki og hvernig hægt sé að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni. • Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.

Kennsluhættir

Verkefni eru fótaskemill og frjálst verkefni. Efnið sem nemendur eru að nota eru að mestu leyti fura en einnig krossviður og mdf. Nemendur læra að nota viðeigandi verkfæri sem henta fyrir hvert verkefni. Nemendur vinna einnig út frá eigin hugmyndum og teikningum og velja yfirborðsmeðferð sem hentar verkefninu í samstarfi við kennarann. Nemendur endurnýta og flokka allt sem á að henda í smíðastofunni. Farið er yfir þær slyshættur sem eru í smíðastofunni, rétt vinnubrögð og réttar vinnustellingar. Lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð og góða umgengni.

Námsgögn

Kennsluefni frá kennara

Námsmat

Leiðsagnarmat fer stöðugt fram í kennslustund þar sem nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur. Í lok annar, ýmist í janúar eða júní, fá nemendur lokamat á þau hæfniviðmið sem metin eru, niðurstaðan er færð inn í Mentor.

Kennari

Elsa Þóra Eggertsdóttir

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Matur og lífshættir	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Þekkt tengsl heilbrigða lífshátta og heilsufars og áttað sig á eigin ábyrgð á heilsu sinni.• Þekkt hugtök og aðalatriði næringarfræðinnar
Matur og vinnubrögð	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Eldað og bakað eftir uppskriftum.• Notað á réttan hátt ýmis mæli og eldhúsahöld.• Þrifið og gengið frá í eldhúsi.
Matur og umhverfi	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Flokkað sorp.• Gert sér grein fyrir mikilvægi þess að vera umhverfisvænn við val á hráefnum og efnum við vinnu í eldhúsi.
Matur og menning	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Þekkt ýmsa íslenska og erlenda þjóðarrétti.

Kennsluhættir

Inn í alla kennslu í heimilisfræði er fléttuð fræðsla um heilbrigða líshætti, næringarfræði, hreinlæti og neytendavernd. Lögð er áhersla á góða umgengni og frágang. Nemendum gerð grein fyrir tengslum lífsstíls á eigin heilsu. Nemendur bæta við kunnáttu sína í matreiðslu og bakstri og nota til þess fjölbreytt matvæli, algeng áhöld og mælitæki. Kennnd eru viðbrögð við algengum slysum í eldhúsi. Kennari ræðir matvælafræði, geymslu matvæla og merkingar þegar aðstæður gefa tilefni til. Rætt við nemendur um mismunandi matarmenningu og þeim gerð grein fyrir uppruna mismunandi rétta þegar þeir eru matreiddir.

Námsgögn

Ljósrit frá kennara og myndbönd af netinu.

Námsmat

Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur.

Lokamat er miðað við hæfniviðmið og skráð í Mentor.

Kennari

Ólöf Jónsdóttir

Myndmennt

Hæfniviðmið

Formfræði, litafræði og myndbygging <ul style="list-style-type: none">• Frumpættir, lögmál og aðferðir myndlistar• Teiknun, málun, litablöndun• Uppstilling	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• beitt mismunandi litaaðferðum og litatónum• notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni• notað hugtök: fjarvídd, sjónhæðarlína, hvarfpunktur, jákvætt og neikvætt rými
Tækni <ul style="list-style-type: none">• Teikning, skissuvinna, stærðir og mælingar• Dúkrista og grafíkmynd	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• valið á milli mismunandi aðferða við sköpun og prófað sig áfram í fjölbreyttum aðferðum• beitt aðferðum í tvívídd og þrívídd• notað þrykk aðferðir og unnið við gerð fjölfelda
Listrýni <ul style="list-style-type: none">• Innsýn í myndmál nútímamiðla	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• tjáð skoðanir/tilfinningar í gegnum eigin sköpun

<ul style="list-style-type: none"> • Tjáning um eigin verk og annarra á uppbyggilegan hátt • Ákveðnar listastefnur og listamenn (pop-list, abstrakt, súrrealismi) • Myndmál neyslupjóðfélags 	<ul style="list-style-type: none"> • greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis • gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt og menningarlegt samhengi • unnið út frá eigin styrkleikum
<p>Umgengni</p> <ul style="list-style-type: none"> • Meðhöndlun efna og áhalda og umgengni í stofunni og á sínu vinnusvæði 	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • sýnt góðan frágang og skipulag á verkum sínum • umgangast efni og áhöld af virðingu

Kennsluhættir:

- Innlögn kennara og sýnikennsla (áhugaverðar sjónrænar kveikjur)
- PP kynningar, innlifunaraðferðir
- Virkar umræður og vinnsla út frá þeim
- Einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna
- Tilraunavinna og heimildarvinna
- Leitar- og uppgötvunarnám
- Endurvinnsla, endurnýtt efni í hönnun
- Samþætting við aðrar námsgreinar: íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, heimspeki, upplýsingatækni, tónmennt.

Námsgögn:

Námsefni er mismunandi eftir verkefnum. Stuðst er við bækur um myndlist í sögulegu samhengi, bækur um einstaka listamenn, upplýsingar af netinu, kynningu og kennslu á þeirri tækni sem beitt er við myndsköpun. Innlögn verkefna er margvísleg m.a. í formi glærुकynninga, hugstormun og sýnikennslu eftir því sem við á hverju sinni.

Námsmat:

Kennsla í sjónlistum í 5.-7. bekk í Heiðarskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá Grunnskóla um list- og verkgreinar. Lögð er áhersla á símat, leiðsagnarmat, frammistöðu og færni nemandans. Í lok myndlistartímabils er lokamat skráð í Mentor.

Kennari:

Renata Agnes Edwardsdóttir

Menntagildi og meginmarkmið upplýsinga- og tæknimennt

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér, miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þá gagnrýnið mat. Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi..

Hæfniviðmið

Vinnulag og viðbrögð	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Nýtt upplýsingaver sér til gagns í stýrðu námi• Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám,• Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum• Beitt rétttri fingrasetningu
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við upplýsingaöflun,• Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu ritgerða,
Tækni og búnaður	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu og gerð stuttmynda,
Siðferði og öryggismál	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðilegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á netmiðlum

Kennsluhættir

Ýmis verkefni unnin í tækniveri þar sem tæknibúnaður skólans verður nýttur.

Námsgögn

Tækniver, google.com, orðabækur, www.arnastofnun.is, leitarvélar, office hugbúnaður

Námsmat

Leiðsagnarmat

Kennarar

Andri Már Þorsteinsson, Steinunn Ýr Jónsdóttir, Ingunn Anna Ragnarsdóttir